

Föstudaginn 27. júní 1980.

Nr. 93/1980. **Sigríður Magnúsdóttir**
 gegn
Ormari Þorgrímssyni og
skiptaráðandanum í Árnassýslu.

Kærumál. Skiptamál. Kröfu um búskipti vegna hjónaskilnað-
 ar synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
 son, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 22. maí 1980, sem barst Hæstarétti 20. júní 1980,
 hefur sóknaraðili með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973
 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Árnassýslu 25. apríl
 1980, en sóknaraðili fékk vitneskju um uppkvaðningu úr-
 skurðarins hinn 9. maí sl. Krefst hann þess, að hinum kærða
 úrskurði verði hrundið og skiptaréttinum gert að taka bú
 málsaðilja til skiptameðferðar. Hann krefst og kærumáls-
 kostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borist.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verð-
 ur á það að fallast, að lagaskilyrði skorti, til að sinnt verði
 kröfu sóknaraðilja um, að bú málsaðilja verði tekið til skipta-
 meðferðar.

Staðfesta ber ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostn-
 að. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Synjað er kröfu sóknaraðilja, Sigríðar Magnúsdóttur,
 um, að skiptaréttur Árnassýslu taki til skiptameðferðar
 bú hennar og varnaraðilja, Ormars Þorgrímssonar.

Málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar er stað-
 fest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður skiptaréttar Árnassýslu 25. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi, er tilkomið á þann hátt, að í skiptamálinu nr. 3/1980, skipti á félagsbúi Sigríðar Magnúsdóttur og Ormars Þorgrímssonar, hefur skiptaþoli krafist frávísunar.

Skiptabeiðandi er Sigríður Magnúsdóttir, Þinghólsbraut 63, Kópavogi. Skiptaþoli er Ormar Þorgrímsson, Hrísholti, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.

Skiptabeiðandi og sóknaraðili hefur krafist þess, að skiptaréttur Árnassýslu taki jörðina Hrísholt í Biskupstungum til skiptameðferðar ásamt bústofni, vélakosti og öllum gögnum og gæðum.

Í réttarhaldi 11. mars sl., er mál þetta var fyrst tekið fyrir, krafðist sóknaraðili þess, að búið yrði tekið til opinberra skipta miðað við stöðu búsinns eins og hún var á þeim degi. Sóknaraðili gerði einnig kröfu um hlutdeild í afrakstri búsinns frá 14. júlí 1977, þ. e. af helmingi bústofns auk leigu af helmingi jarðarinnar Hrísholts, húsum og vélakosti.

Varnaraðili mótmælti í þessu réttarhaldi framkomnum kröfum sóknaraðilja.

Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar úr hendi hins samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sættir tókust ekki, og málinu var frestað til 25. mars sl. Þá skilaði lögmaður sóknaraðilja greinargerð.

Málinu var þá frestað til 10. apríl sl., er lögmaður varnaraðilja skilaði greinargerð og málið var munnlega flutt. Varnaraðili krafðist þess, að skiptakröfu yrði vísað frá.

Málsatvik eru þau, að sóknaraðili og varnaraðili gengu í hjúskap 12. apríl 1975 og munu hafa búið að Hrísholti, Biskupstungum.

Hinn 14. júlí 1977 var gefið út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng milli aðilja máls þessa við embætti sýslumannsins í Árnassýslu, sjá dskj. nr. 7. Þar kemur fram, að samkomulag er um skilnaðarskilmála. Endurrit úr hjónaskilnaðarbók Árnassýslu, dskj. nr. 8, sýnir, að bókað hefur verið um eignaskipti samkomulag hinn 29. júní 1977.

Hinn 21. febrúar 1979 fer sóknaraðili fram á leyfi til lögskilnaðar við embætti bæjarfógetans í Kópavogi. Endurrit hefur verið lagt fram, dskj. nr. 9. Þar kemur eftirfarandi fram: „Kveður

konan öll skilnaðarkjör óbreytt og óskar ekki neinna breytinga á áðurgerðu samkomulagi“.

Hinn 28. mars 1979 er lögskilnaðarumleitun sóknaraðilja tekinn fyrir aftur við embætti bæjarfógetans í Kópavogi. Þá vill sóknaraðili taka fram til að koma í veg fyrir misskilning, að hún hafi ekki hugsað sér að falla á neinn hátt frá helmingaskiptareglu eigna þeirra hjóna við skilnaðinn, sbr. dskj. nr. 10.

Hinn 14. september 1979 er málið tekið fyrir við embætti sýslumannsins í Árnessýslu og bókað um það í hjónaskilnaðarbók. Bæði sóknaraðili og varnaraðili mættu.

Þar er bókað: „Hjónin kveðast munu freista þess að komast að samkomulagi um búskiptin hið fyrsta, og er málinu frestað í því skyni,“ sbr. dskj. nr. 11.

Ber því samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 86 23. júní 1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að taka afstöðu til frávisunarkröfu varnaraðilja strax.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að samkomulag hafi ekki tekist um skipti bús þeirra hjóna 29. júní 1977. Sóknaraðili telur „þær bókanir um búskipti, sem fyrir liggja í málinu“ harla ófullkomnar sem samning „auk þess sem hann er bersýnilega ósanngjarn, er til hans var stofnað, og því ekki bindandi fyrir sóknaraðila, sbr. 46. gr. og 54. gr. laga nr. 60/1972, þar sem lögskilnaður hefir enn ekki verið veittur,“ sbr. ummæli í greinargerð, dskj. nr. 6.

Sóknaraðili hefur einnig haldið því fram, að um misskilning væri að ræða varðandi orðalag umgetinnar bókunar svo og að yfirvald hafi ekki gætt skyldu sinnar við fyrirtöku hjónaskilnaðarmálsins.

Varnaraðili hefur haldið því fram, að samkomulag hafi orðið um skiptin og skiptum þar með verið lokið. Jafnframt telur varnaraðili, að ekki beri að taka bú til opinberra skipta, þegar aðiljar hafa lokið skiptum sín á milli með samningi.

Ekki verður annað séð en sóknaraðili sjálf hafi litið svo á, að um samkomulag væri að ræða, sbr. bókun hjónaskilnaðarmálsins frá 21. febrúar 1979.

Yfirvaldi ber að koma á samkomulagi um skilnaðarkjör við skilnað milli hjóna, sbr. 45. gr. laga nr. 60 29. maí 1972. Slíkt virðist þarflaust, þegar hjón eru sammála.

Aðiljar þessa máls hafa bæði staðfest samkomulag það, sem hér

er deilt um, með nafnundirritun sinni í hjónaskilnaðarbók Árnessýslu 29. júní 1977.

Samkomulagi um skilnaðarkjör má lýsa óskuldbindandi með dómi skv. 54. gr. laga nr. 60 29. maí 1972. Frestur til málshöfðunar er ákveðinn í 2. mgr. sömu gr. 1 ár frá fullnaðardómi eða útgáfu leyfisbréfs.

Slíkt ógildingarmál á undir aukadómþing Árnessýslu.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, verður talið, að samkomulag hafi tekist um skilnaðarskilmála.

Verður því að taka kröfu varnaraðilja til greina. Máli þessu er vísað frá skiptarétti. Málskostnaður fellur niður.

Úrskurð þennan kvað upp Ólafur Helgi Kjartansson, fulltrúi sýslumanns.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti.

Málskostnaður fellur niður.
